

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skógarhlíð í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í þéttbýlinu við Skógarhlíð í Hörgárbyggð, norðan Lóns. Breytingin felst í því að á lóðum nr. 12 og 14 verði byggð þrúbýlishús í stað einbýlishúsa.

Á uppráttum koma fram lóðarstærðir og stærð húsanna. Að öðru leyti er vísað í deiliskipulag, sem samþykkt var skv. bréfi Skipulagsstofnunar dagsettu 21. mars 1994.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og Skipulagsstofnun hefur farið yfir málgögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgárbyggð, 8. febrúar 2006.

Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri.